Nd. **464. Nefndarálit** [153. mál]

um frv. til l. um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fóðurvörur.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar á nokkrum fundum. Fengin hefur verið umsögn búnaðarþings, sem mælir með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, sem nefndin hefur að sumu leyti tekið til greina. Nefndin fékk enn fremur á sinn fund formann nefndar þeirrar, er undirbjó málið fyrir landbúnaðarráðuneytið, Pétur Gunnarsson forstjóra, sem gaf nefndinni ýmsar upplýsingar.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr.
   a. Á eftir orðunum „tillögum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins" í lok 1. málsl. komi: og Búnaðarfélags Íslands.
   b. Fyrir „fóðurvörum" í niðurlagi greinarinnar komi: fóðurblöndum.
2. Við 16. gr. Á eftir orðunum „sömu reglum og þær selja annað síldarmjöl" komi: og skulu þær svo sem kostur er fullnægja eftirspurn.

Alþingi, 29. marz 1968.

Jónas Pétursson, form., frsm. Ragnar Jónsson. Stefán Valgeirsson.
Hannibal Valdimarsson. Vilhjálmur Hjálmarsson. Pétur Pétursson.
Eyjólfur Konráð Jónsson.